

Fundargerð

Símafundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Tjörneshrepps þriðjudaginn 24. nóvember 2020. Þátttakendur: Katý Bjarnadóttir, Mary Anna Guðmundsdóttir og Steinþór Heiðarsson.

1. Umsókn um leyfi til að stofna lóð:

Eigendur hússins að Hallbjarnarstöðum I, þeir Árni Viðar Kárason, Eiður Árnason og Ingólfur Árnason, óska eftir leyfi til að stofna sérstaka lóð fyrir húsið. Umsókninni fylgir hnitsettur uppdráttur, gerður af RML, sem sýnir legu lóðarinnar. Óskað er eftir að lóðin fái nafnið „Tunga“ og tekið fram að eigendur Hallbjarnarstaða II geri ekki athugasemd við að lóðin verði stofnuð. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

Katý Bjarnadóttir

Mary Anna Guðmundsdóttir

Steinþór Heiðarsson